

2026

## Fundargerð Aðalfundar GKH



Anna Sigríður Ásgeirsdóttir

Ritari

5 mars 2026

## Efnisyfirlit

1.	Mættir á fundi klukkan 17:00 eru: .....	2
2.	Dagskrá.....	2
3.	Kosning fundarstjóra og fundarritara .....	2
4.	Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir .....	2
5.	Ársreikningur liðins reikningsárs lagður fram til samþykktar .....	2
6.	Fjárhagsáætlun næsta árs tilkynnt .....	2
7.	Lagabreytingar kynntar .....	3
8.	Kosning stjórnar og skoðunarmanna ársreikninga .....	4
9.	Kosning í nefndir .....	4
10.	Árgjald næsta árs.....	4
11.	Önnur mál og umræður .....	5

## 1. Mættir á fundi klukkan 17:00 eru:

- Ari Leifsson, Þuríður Vatnsdal Lárusdóttir, Helga Ösp Jóhannsdóttir, Oddsteinn Gíslason, Rúnar Ágúst Jónsson, Guðrún Edda Jóhannsdóttir, Birgir Ingibergsson, Guðmundur Guðmarsson, Egill Erlingsson, Guðjón Gunnar Þórðarson, Magnús Eiríksson, Stefán Ísfeld, Kristín Einarsdóttir, Jón S. Garðarsson, Ragnheiður K. Guðmundsdóttir og Anna S. Ásgeirsdóttir eða samtals 16 manns.

## 2. Dagskrá

- Kosning fundarstjóra og fundarritara
- Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir
- Ársreikningur liðins reikningsárs lagður fram til samþykktar
- Fjárhagsáætlun næsta árs tilkynnt
- Lagabreytingar kynntar
- Kosning stjórnar og skoðunarmanna ársreikninga
- Kosning í nefndir
- Árgjald næsta árs
- Önnur mál og umræður

## 3. Kosning fundarstjóra og fundarritara

- Fundarstjóri var kosinn Jón S. Garðarsson og fundarritari Anna S. Ásgeirsdóttir

## 4. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir

- Ragnheiður K. Guðmundsdóttir Formaður GKH tekur til máls og les upp skýrslu stjórnar.

## 5. Ársreikningur liðins reikningsárs lagður fram til samþykktar

- Þá tekur Anna S. Ásgeirsdóttir gjaldkeri til máls og fer yfir ársreikning félagsins fyrir síðasta ár.
  - Ársreikningur var samþykktur af öllum viðstöddum.

## 6. Fjárhagsáætlun næsta árs tilkynnt

- Ragnheiður tekur aftur til máls og fer yfir fyrirséðar framkvæmdir á árinu.

## 7. Lagabreytingar kynntar

- Þá fer Ragnheiður yfir breytingar á lögum.
  - **1 gr. Óbreytt**
  - **2 gr. Breyting kynnt og samþykkt af meirihluta**
    - Markmið klúbbsins er rekstur golfvallar og iðkun golfíþróttarinnar.
  - **3 gr.**
  - **4 gr. Breyting kynnt og samþykkt af meirihluta**
    - Aðalfundur er æðsta vald í málefnum klúbbsins og skal haldinn eigi síðar en 1. mars ár hvert og skal boða til hans með tölvupósti og á miðlum klúbbsins með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Skulu félagsmönnum verða kynntar og gerðar aðgengilegar framkomnar tillögur fyrir aðalfund og dagskrá fundarins. Aðalfundi er heimilt að halda í húsakynnum þeim sem stjórn leggur til en sé innan höfuðborgarsvæðisins sé ekki unnt að funda í Hraunborgum. Aðalfundur er löglegur sé hann boðaður samkvæmt ofangreindu.
    - Lagabreytingar er aðeins hægt að gera á aðalfundi, sé þeirra getið í fundarboði og skulu slíkar breytingar staðfestar af Héraðssambandinu Skarphéðini og ÍSí.
    - Tillaga að lagabreytingu skal hafa borist stjórn klúbbsins eigi síðar en 7 dögum fyrir aðalfund og skal vera skrifleg.
    - Heimilt er þó að taka fyrir á aðalfundi tillögur til breytinga á lögum félagsins, sem síðar koma fram ef 2/3 hlutar viðstaddra atkvæðisbærra fundarmanna eru því samþykkir.
    - Til að lagabreytingar öðlist gildi, þarf 2/3 greiddra atkvæða.
    - Allir gjaldgengi félagsmenn 18 ára og eldri hafa kjörgengi til stjórnarstarfa og atkvæðisrétt á aðalfundi. Málfrelsi og tillögurétt hafa allir félagsmenn.
  - **5 gr. Óbreytt**
  - **6 gr. Óbreytt**
  - **7 gr. Óbreytt**
  - **8 gr. Breyting kynnt og athugasemd gerð á einni grein.**
    - Sérhverjum félagsmanni er skytt að greiða árgjald til klúbbsins. Árgjöld skulu ákveðin af stjórn.
      - Gerð var athugasemd á því að stjórn ákveði árgjald og vill meirihluti að árgjald sé ákveðið á aðalfundi af meirihluta félagsmanna.
    - 16 ára og eldri greiði fullt gjald.
    - Eindagi greiðslu árgjalds er 1. apríl ár hvert.
    - Stjórn ákveður mótagjöld og önnur gjöld.
  - **9 gr. Óbreytt**
  - **10 gr.**
    - Við golfleik skal farið eftir gildandi golfreglum á hverjum tíma. Stjórn setur staðarreglur og umgengnisreglur. Mótanefnd getur

sett sérreglur séu aðstæður slæmar. Slæm umgengni innan golfvallarsvæðis, ósæmileg eða meiðandi hegðun og brot á reglum félagsins getur valdið brottvikningu úr klúbbum.

- **11 gr. Óbreytt**
- **12 gr. Óbreytt**
- **13 gr. Óbreytt**
- **14 gr. Breyting kynnt og samþykkt af meirihluta**
  - **Lög þannig samþykkt á aðalfundi 5. mars 2026.**

## 8. Kosning stjórnar og skoðunarmanna ársreikninga

- Ragnheiður K. Guðmundsdóttir
  - Kosin formaður til 1 árs.
- Anna S. Ásgeirsdóttir
  - Var kjörin til 2ja ára á síðasta aðalfundi og á því 1 ár eftir.
- Oddsteinn Gíslason
  - Var kjörin til 2ja ára á síðasta aðalfundi og á því 1 ár eftir.
- Magnús Eiríksson
  - Var kjörinn stjórnarmaður til 2ja ára.
- Stefán Ísfeld
  - Var kjörinn stjórnarmaður til 2ja ára.
- Sigurður Ingvar Geirsson
  - Var kjörinn varamaður til 1 árs.
- Viðar Geirsson
  - Var kjörinn varamaður til 1 árs.
- Jóhanna Ösp Oddssteinsdóttir og Fjóla Stefánsdóttir.
  - Kosnar skoðanamenn ársreikninga

## 9. Kosning í nefndir

- Mun aðalstjórn koma saman á næstu dögum og raða niður í nefndir.

## 10. Árgjald næsta árs

- Stjórn GKH kom með tillögu um breytingu á árgjaldi félagsmanna út 18.000 kr. í 27.000 kr. og var það samþykkt af meirihluta gesta.
  - Mestu skiptir í hækkun árgjalda er meðlimagjald til GSÍ að upphæð 7.400 vegna ársins 2026.
- Vallargjald verður svo ákveðið af aðalstjórn og tilkynnt síðar.

## 11. Önnur mál og umræður

- Ábending kom úr sal varðandi boltarekkann sem golfklúbburinn fékk í fyrra hvort að hann yrði áfram þótt svo að við séum komin í golfboxið.
  - Þessu var vísað til stjórnar og ákveðið á komandi fundi.
- Rætt var um aðkomu að golfvellinum og er fyrirætlunin að fara í þær framkvædir í sumar samferða framkvæmdum að útlitsbreytingu og aðkomu Hraunborga.
- Einnig var talað um almenna upplyftingu í kringum klúbbhús og á vellinum.
  - Hvatti Ragnheiður félagsmenn um að bjóða sig fram til verka samfélaginu til heilla.

Fundi slitið klukkan 18:55 ☺

Anna S. Ásgeirsdóttir